# SWIFT

SUZUKI

Way of Life!




SWIFT





# Glæsilegur, sportlegur og ótrúlega skemmtilegur.

Í fyrsta sinn sem þú sérð Swift kanntu að meta rennilegt og ákveðið útlitið. Svo sestu inn og ræsir vélina og tilfinningin er ómótstæðileg. Swift er fyrir þá sem hafa ástríðu fyrir bílum, auga fyrir hönnun og þora að setja mark sitt á umhverfið.


SUZUKI
SWIFT
SWIFT



# Njóttu hverrar ferðar.

Swift hefur ávallt verið þekktur sem sportlegi hlaðbakurinn sem er skemmtilegur í akstri.
Og þegar þú kynnist honum upplifir þú þessa sömu tilfinningu. Swift er glæsilegur, viðbragðsþýður og hlaðinn snjalltækni sem gerir þér kleift að einbeita þér að akstrinum og skemmtuninni.




SWIFT
SWIFT



# Hönnun sem kallar á athygli.

Swift er bíll sem kallar á athygli. Áberandi, krómlögð vatnskassahlífin og laglegar felgur með hágæða áferð draga ekki úr tilfinningunni. Kraftalegar formlínurnar gefa Swift sportlegt yfirbragð. Hönnunaratriði eins og flæðandi þaklína og dyrahandföng á afturdyrum í hurðarstafnum aðgreina þennan bíl algjörlega frá öðrum.






## 1,2 bensínvél

1,2 lítra bensínvélin býður upp á tvo ótvíræða kosti – mikil afköst og mikla sparneytni. Þrátt fyrir lítið slagrými vélarinnar stuðlar hátt þjöppunarhlutfall að varmaskilvirkni sem skilar sér í miklu afli í akstri. Afburða kæligeta vélarinnar dregur úr vélarbanki, sem oft er fylgifiskur hárrar þjöppunar. Vélin er léttbyggð og lítil, með hárri þjöppun og lágmarks núningi sem stuðlar að mikilli sparneytni án þess að afkastagetu og snúningsvægi sé fórnað.



# Afköst og öryggi sem má stóla á.

Snögg og kraftmikil hröðun. Veggrip sem heldur bílnum stöðugum í beygjum. Hátæknivæddur öryggisbúnaður sem hægt er að stóla á. Hvert einasta atriði í aflrás og undirvagni er sérstaklega hannað með það að markmiði að ökumaður samsamist bílnum og hafi fulla stjórn á honum. Hámarksvirkni aflrásar og undirvagns er náð á öllum sviðum því hún er órjúfanlegur hluti akstursupplifunarinnar.

# HEARTECT







Mynd eingöngu til útskýringar.

## Fjöðrun fyrir kvikan og örvandi akstur

Fjöðrunin að framan og aftan skapar kvika og tilfinningaríka akstursupplifun með nákvæmri svörun frá stýri og hágæða aksturseiginleikum.  Swift býr yfir nákvæmri stýringu, fyrirtaks viðbragði og afburða stöðugleika á vegi sem gera aksturinn að hreinni ánægju.

## Léttur og stífbyggður HEARTECT undirvagn

Mjúklega sveigð grindin eykur stífleika undirvagnsins sem skilar sér í afburða aksturseiginleikum og stuðlar um leið að auknu árekstraröryggi með því að dreifa höggkraftinum sem verður við árekstur með skilvirkum hætti.





## Léttbyggð og einkar stíf yfirbygging sem býður upp á kvika og snarpa aksturseiginleika og mikla sparneytni

Mikil notkun hástyrktarstáls og ofurstyrktarstáls, eins og í efri hluta yfirbyggingar og í gólfi, stuðlar jafnt að léttleika og miklum stífleika sem aftur stuðlar að betri aksturseiginleikum og mikilli sparneytni.

### ABS með EBD




## ABS með EBD hemlastuðningi

ABS er kerfi sem skynjar snúning hjóla með skynjurum sem eru á hverju hjóli. Kerfið stýrir á sjálfvirkan hátt ákjósanlegu hemlaátaki. Það kemur í veg fyrir að hjólin læsist sem getur auðveldlega gerst þegar hemlað er skyndilega eða á hálu vegyfirborði. Það gerir ökumanni kleift að stýra bílnum við hemlum og forðast þannig árekstra. Því til viðbótar dreifir EBD (rafeindastýrða hemlunarátaksstýringin) hemlunarátaki á ákjósanlegastan hátt til fram- og afturhjóla sem auðveldar ökumanni að stöðva ökutækið með öruggum hætti.

*ABS er búnaður sem aðstoðar ökumann við hemlun. Það dregur ekki úr ábyrgð hans að haga akstrinum með öruggum hætti, til að mynda með því að draga úr hraða þegar ökutækið nálgast beygjur.





Sjálfvirkt loftfrískunarkerfi



Handstýrt loftfrískunarkerfi

## Loftfrískunarkerfi með skjá sem er auðveldur aflestrar og með einföldum stjórnrofum

Stjórnborð loftfrískunarkerfisins í GLX útfærslu er einkar einfalt í notkun. Auðvelt er að lesa upplýsingar af háskerpu LCD skjánum.
GL útfærslan er með handstýrðu loftfrískunarkerfi með einföldum stjórnrofum sem gera notkun þess mjög auðvelda.

5 gíra beinskipting



CVT sjálfskipting



# Laglegur, hagkvæmur, fágaður.

Skýrar og laglegar formlínurnar blasa við þegar sest er undir stýri. Alúð er lögð við allan frágang sem stuðlar að enn þægilegri og skilvirkari akstursupplifun. Sívalningslaga mælarnir, hátæknivæddur miðjustokkurinn og sportlegt, D-laga stýrið vekja upp öryggistilfinningu jafnvel áður en vélin er ræst.






## Skýr og glæsilegur ökumælaklasi

Matt króm fer vel við svartlita innréttinguna. Það umlykur líka tvo helstu mælana sem er laglega fyrirkomið í mælaklasanum og státa af rauðum og hvítum litaáherslum. Inni í þessari skýru og sportlegu mælahönnun eru kælivatnshitamælir og eldsneytismælir og heildaryfirbragðið minnir helst á krónógraf úr.

## Margmiðlunarskjár

Í miðju ökumælaklasans er 3,5 tommu LCD margmiðlunarskjár sem birtir akstursupplýsingar eins og raun- og meðaleldsneytiseyðslu, meðalhraða og eftirstandandi akstursdrægi.






## Hljómkerfi samhæft Bluetooth® fyrir þráðlausar tengingar

Í hljómkerfinu eru AM/FM útvarp og geislaspilari ásamt háskerpu LCD skjá sem er skýr aflestrar. Í kerfinu er USB tenging og Bluetooth®*, sem opnar fyrir handfrjálsa notkun á farsíma og þráðlausa spilun á tónlist úr MP3/WMA samhæfðum tækjum.

* Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc

## Hraðastillir fyrir afslappaðan akstur

Hraðastillir sem heldur bílnum á þeim hraða sem ökumaður velur og gerir akstur í langferðum afslappaðri.




# Tilbúinn í allt.

Þegar þú ekur Swift muntu njóta ferðarinnar jafn mikið og áfangastaðarins. Pakkaðu því niður og búðu þig undir ævintýri í bíl sem hentar þínum lífstíl fullkomlega. Swift kemur þér á staðinn í þægindum og glæsileika, hvort sem erindið er verslunarferð eða helgarferð út á land.









## Farþega- og farangursrými sem tekur mið af aðstæðum

Farangursrýmið er ríkulegt í nýjum Swift og þú getur tekið meiri farangur með í ferðina. Sætisbökin eru tvískipt og niðurfellanleg sem auðveldar hleðslu í bílinn. Lág sætastaða tryggir næga lofthæð. Fjöldinn allur er af notadrjúgum hirslum sem eru innan seilingar.



Hanskahólf



Glasahaldari að framan



USB- og AUX-innstunga



Geymslubakki við miðjustokk



Vasi á farþegasæti



Geymsluvasi í framhurð



Glasahaldi að aftan



Flöskuhaldari að aftan


SWIFT




SWIFT

# Útfærslur

## GLX







Rauður málmlitur × Svartur perlulitur





# GL







Gulur málmlitur × Silfur málmlitur





# Litir á yfirbyggingu

Einn litur



Rauður perlumálmlitur



Blár málmlitur



Hvítur perlulitur



Silfur málmlitur



Grár málmlitur



Svartur perlulitur



Rauður

# Litir á yfirbyggingu

Tveir litir



Rauður perlumálmlitur × Svartur perlulitur



Appelsínu perlumálmlitur × Svartur perlulitur



Gulur málmlitur × Silfur málmlitur



Blár málmlitur × Svartur perlulitur

# Sætaáklæði



GLX og GL

# Helsti búnaður

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Vél | | Bensín | | | |
| | | 1.2 DUALJET | | | |
| Drif | | 2WD | | 4WD | |
| Gírskipting | | 5 bs/CVT | | 5 bs | |
| Útfærslur | | GL | GLX | GL | GLX |
| **UNDIRVAGN** | | | | | |
| Hjólbarðar og felgur | 175/65R15 + stálfelgur með hjólmiðjuloki | - | - | - | - |
| | 175/65R15 + stálfelgur með hjólkoppum | S | - | S | - |
| | 185/55R16 + álfelgur | $V^2$ | - | $V^2$ | - |
| | 185/55R16 + álfelgur með burstaðri áferð | - | S | - | S |
| Neyðarviðgerðarsett fyrir hjólbarða | | S | S | S | S |
| **YFIRBYGGING** | | | | | |
| Svartir A- og B-hurðarpóstar | | S | S | S | S |
| Fram- og afturstuðarar | Samlitir | S | S | S | S |
| Vatnskassahlíf | Með krómi | S | S | S | S |
| Hurðahúnar að utanverðu | Svartir | - | - | - | - |
| | Samlitir | S | S | S | S |
| Opnun á afturhlera | Með lykli | - | - | - | - |
| | Rafstýrð opnun | S | S | S | S |
| **ÚTSÝNI** | | | | | |
| Aðalljós | Halogen fjölspegla | - | - | - | - |
| | LED ljós | S | S | S | S |
| | Heimreiðarlýsing / ljós að ökutæki | S | S | S | S |
| Hæðarstilling á aðalljósi | Handstýrð | - | - | - | - |
| | Sjálfvirk | S | S | S | S |
| Sjálfvirkur ljósabúnaður | | S | S | S | S |
| Hágeislavari | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Samsett afturljós | Staðalbúnaður | - | - | - | - |
| | LED | S | S | S | S |
| Þokuljós | Framan | $V^2$ | S | $V^2$ | S |
| | Aftan | S | S | S | S |
| Stöðuljós | Staðalbúnaður | - | - | - | - |
| | LED | S | S | S | S |
| Númeraplötuljós | Staðalbúnaður | - | - | - | - |
| | LED | S | S | S | S |
| Grænskyggðar rúður | | S | S | S | S |
| Svartskyggðar rúður | Hliðarrúður að aftan + Minni hliðarrúður að aftan + Afturrúða | $V^2$ | S | $V^2$ | S |
| Rúðurþurrkur | Að framan: 2ja hraða (hægur, hraður) + með hléum + þvottakerfi | - | - | - | - |
| | Framan: 2ja hraða (hægur, hraður) + stillanleg hlé + þvottakerfi | S | S | S | S |
| | Aftan: 1 hraði + þvottakerfi | - | - | - | - |
| | Aftan: 1 hraði + með hléum + þvottakerfi | S | S | S | S |
| Móðueyðir í afturrúðu | | S | S | S | S |
| Hliðaspeglar | Svartir | - | - | - | - |
| | Samlitir | S | S | S | S |
| | Handstýring | - | - | - | - |
| | Rafstýring | S | S | S | S |
| | Rafstýrð aðfelling | - | S | - | S |
| | Með hita | S | S | S | S |
| | Með innbyggður stefnuljósi | - | S | - | S |
| Dag / nætur baksýnisspegill | Handstýrð birtustilling | S | S | S | S |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | | | | |
| 3ja arma stýri | Úretan | - | - | - | - |
| | Leðurklætt | S | S | S | S |
| | Með hljómtækjarofum | S | S | S | S |
| | Með hraðastilli | S | S | S | S |
| | Með hraðatakmörkunarstýringu | S | S | S | S |
| | Með handfrjálsum síma | S | S | S | S |
| | Með flipaskiptingu | - | S (CVT) | - | - |
| | Veltistilling | S | S | S | S |
| | Aðdráttarstilling | - | S | - | S |
| Aflstýri | | S | S | S | S |
| Hraðamælir | | S | S | S | S |
| Upplýsingaskjár | 4,2 tommu LCD litaskjár | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| | LCD | S | - | S | - |
| | Klukka | S | S | S | S |
| | Útihitamælir | S | S | S | S |
| | Eldsneytiseyðslumælir (rauntíma/meðaltals) | S | S | S | S |
| | Gírsstaða | S (CVT) | S (CVT) | - | - |
| | Akstursdrægi | S | S | S | S |
| | Gírskiptivísir | S (5 bs) | S | S | S |
| | Hraði (meðaltals) | S | S | S | S |
| | Hraði (rauntíma) | S | S | S | S |
| Áminning um lykil og ljós | Hljóðmerki | S | S | S | S |
| Áminning um öryggisbelti ökumanns | Ljós- og hljóðmerki | S | S | S | S |
| Áminning um öryggisbelti farþega | Ljós- og hljóðmerki | S | S | S | S |
| Áminning um öryggisbelti í aftursætum | Ljós- og hljóðmerki | S | S | S | S |
| Áminning um opnar dyr | Ljósmerki | S | S | S | S |
| Áminning um lága eldsneytisstöðu | Ljósmerki | S | S | S | S |
| Skreytng á mælaborði (frá miðju að farþegahlið) | Hvítt með hömruðu mynstri | S | - | S | - |
| | Silfrað | - | S | - | S |
| **AKSTURSBÚNAÐUR** | | | | | |
| Rafstýrðar rúður | Framan | S | S | S | S |
| | Aftan | - | S | - | S |
| Samlæsing | Rofi á ökumannshlið | S | S | S | S |
| Fjarstýrð samlæsing | Með neyðarljósasvörun | S | S | S | S |
| Lykillaus ræsing | | - | S | - | S |
| Loftfrískunarkerfi | Handvirkt | S | - | S | - |
| | Sjálfvirkt | - | S | - | S |
| Miðstöð | | S | S | S | S |
| Frjókornasía | | S | S | S | S |
| Hljómtæki | Loftnet (á aftanverðu þaki) | S | S | S | S |
| | Hátalarar að framan | S | S | S | S |
| | Hátalarar að aftan | S | S | S | S |
| | Hátíðnihátalarar að framan | - | S | - | S |
| | MP3/WMA samhæfður geislaspilari + Bluetooth®* | S (5 bs)/V (CVT) | - | S (5 bs)/V (CVT) | - |
| | Snjallsímatenging á skjá með hljóði + Bluetooth®* + bakkmyndavél + DAB | $V^2$ | - | $V^2$ | - |
| | Snjallsímatenging á skjá með hljóði + NAV + Bluetooth®* + bakkmyndavél + DAB | - | S | - | S |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Vél | | Bensín | | | |
| | | 1.2 DUALJET | | | |
| Drif | | 2WD | | 4WD | |
| Gírskipting | | 5 bs/CVT | | 5 bs | |
| Útfærslur | | GL | GLX | GL | GLX |
| **AKSTURSBÚNAÐUR** | | | | | |
| ACC (hraðastillir með aðlögun) | | S | S | S | S |
| Hraðatakmarkari | | S | S | S | S |
| Búnaður fyrir kaldari svæði | Sætahitun (framsæti) | $V^2$ | S | $V^2$ | S |
| | Miðstöðvarrás fyrir aftursæti | $V^2$ | S | $V^2$ | S |
| **INNANRÝMI** | | | | | |
| Lýsing í farþegarými | Lesljós að framan (3 stillingar) | S | S | S | S |
| Sólskyggni | Ökumannshlið | S | S | S | S |
| | Með miðaklemmu + snyrtispegill | S | S | S | S |
| | Farþegamegin | S | S | S | S |
| | Með miðaklemmu + snyrtispegill | S | S | S | S |
| Griphöldur | Farþegamegin | S | S | S | S |
| | Afturrými x 2 | - | S | - | S |
| Glasahaldarar | Framan x 2 | S | S | S | S |
| | Aftan x 1 | S | S | S | S |
| Flöskuhaldarar | Framan x 2 | S | S | S | S |
| | Aftan x 2 | S | S | S | S |
| Hirsla í miðjustokk | | S | S | S | S |
| Gírstangarhnúður | Svartgljáandi | S | S | S | S |
| Sleppihnappur á handbremsu | Króm | S | S | S | S |
| USB og AUX innstungur | Miðjustokk | S | S | S | S |
| 12V rafúttak | Miðjustokk | S | S | S | S |
| Fóthvíla | Ökumannsmegin | S | S | S | S |
| Fjarstýrð opnun á eldsneytisloki | | S | S | S | S |
| Klæðning á innanverðum framhurðum | Tauáklæði | S | S | S | S |
| Skreyting á innanverðum framhurðum | Hvít með hömruðu mynstri | S | - | S | - |
| | Silfurlit | - | S | - | S |
| Hurðarhúnar að innan | Svartir | - | - | - | - |
| | Króm | S | S | S | S |
| Geymsluvasar | Framhurðir | S | S | S | S |
| **SÆTI** | | | | | |
| Framsæti | Hæðarstilling (ökumannssæti) | S | S | S | S |
| | Hnakkapúðar (sambyggðir) | - | - | - | - |
| | Hnakkapúðar (aðskildir) | S | S | S | S |
| | Vasar á sætisbökum (farþegasæti) | S | S | S | S |
| Aftursæti | Bekkur | - | - | - | - |
| | 60:40 niðurfelling | S | S | S | S |
| | Hnakkahvílur x 2 | - | - | - | - |
| | Hnakkapúðar x 3 (aðskildir) | S | S | S | S |
| Sætaáklæði | Tauáklæði í GA | - | - | - | - |
| | Tauáklæði í GL og GLX | S | S | S | S |
| **FARANGURSRÝMI** | | | | | |
| Farangurshilla | | S | S | S | S |
| Lýsing í farangursrými | | S | S | S | S |
| **VERND, ÖRYGGI, UMHVERFISHÆFNI** | | | | | |
| Tveir öryggispúðar að framan | | S | S | S | S |
| Aftenging öryggispúða farþega í framsæti | | S | S | S | S |
| Hliðaröryggispúðar | Framan | S | S | S | S |
| Loftpúðagardínur | | S | S | S | S |
| Aftenging hemlastigs og kúplingar | | S | S | S | S |
| Sætabelti | Framan: 3ja punkta öryggisbelti með forstrekkjara og átaksdreifara | S | S | S | S |
| | Með hæðarstillingu | S | S | S | S |
| | Að aftan: 3ja punkta öryggisbelti með forstrekkjara og átaksdreifara<br>3ja punkta öryggisbelti í miðjusæti | S | S | S | S |
| ISOFIX festingar fyrir barnabílstól | x2 | S | S | S | S |
| Tjóðurfestingar fyrir barnabílstól | x2 | S | S | S | S |
| Barnalæsing á afturhurðum | | S | S | S | S |
| Hliðarárekstrarbitar í hurðastöfum | | S | S | S | S |
| ABS (með EBD aðgerð) | | S | S | S | S |
| ESP® | | S | S | S | S |
| RBS (Ratarstýrð hemlastoð) | | S | - | S | - |
| DSBS (Tveggja skynjara hemlastoð) | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Akreinastýring | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Akreinavari | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Rásvari | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| BSM (blindblettsvari) / RCTA (þverumferðarvari) | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Umferðarskiltalestur | | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Bílastæðavari | Aftan: 4 skynjarar | $V^3$ | S | $V^3$ | S |
| Brekkuviðhald | | S | S | S | S |
| TPMS (eftirlitskerfi með loftþrýstingi í hjólbörðum) | | S | S | S | S |
| Hemlavari | | S | S | S | S |
| Ss/CVT gírlæsing / lyklalás | | S | S | - | - |
| DRL (dagljósabúnaður) | LED (á framstuðara) | - | - | - | - |
| | LED (innbyggt á aðalljósin) | S | S | S | S |
| Hástæða hemlaljós | | S | S | S | S |
| Ræsivörn | | S | S | S | S |
| Fríhjólandi silindrar | | S | S | S | S |
| Viðvörunarljós | | S | S | S | S |
| Sjálfvirkt Stop-Start kerfi vélar | | S | S | S | S |
| SHVS (Skynrænn tvinnbíll Suzuki) | | S | S | S | S |

S : Staðalbúnaður    V : Valbúnaður    - : Ekki fáanlegt
$V^1$ - $V^4$: Sérgreindur valbúnaður

# Helstu tækniatriði

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Dyrafjöldi | | | 5 dyra | | |
| Vél | | | Bensín | | |
| | | | 1.2 DUALJET + SHVS | | |
| Drif | | | 2WD | | 4WD |
| **MÁL** | | | | | |
| Lengd | | mm | 3.845 | | |
| Breidd | | mm | 1.735 | | |
| Hæð | | mm | 1.495 | | 1.520 |
| Hjólhaf | | mm | 2.450 | | |
| Sporvídd | Framan 175/65R15 | mm | 1.530 | | 1.525 |
| | 185/55R16 | mm | 1.520 | | 1.515 |
| | Aftan 175/65R15 | mm | 1.530 | | 1.535 |
| | 185/55R16 | mm | 1,520 (með skálum) 1,525 (með diskum) | | 1.525 |
| Lágmarks beygjuhringur | | m | 4,8 | | |
| Lágmarks vegæð | | mm | 120 | | |
| **RÝMI** | | | | | |
| Sætarými | | einstaklingar | 5 | | |
| Eldsneytistankur | | lítrar | 37 | | |
| Farangursrými | Hámarks rými (fastur aftursætisbekkur) - með neyðarviðgerðasetti fyrir hjólbarða | lítrar | 947 | | |
| | Niðurfelld aftursætisbök (VDA aðferð) - með neyðarviðgerðarsetti fyrir hjólbarða | lítrar | 579 | | |
| | Upprétt aftursætisbök (VDA aðferð) - með neyðarviðgerðarsetti fyrir hjólbarða | lítrar | 265 | | |
| **VÉL** | | | | | |
| Gerð | | | K12D | | |
| Strokkafjöldi | | | 4 | | |
| Ventlafjöldi | | | 16 | | |
| Slagrými | | $cm^3$ | 1.197 | | |
| Borvídd x slaglengd | | mm | 73.0 x 71.5 | | |
| Þjöppunarhlutfall | | | 13.0 | | |
| Hámarksafköst | | kW/sn.mín | 61/6.000 | | |
| Hámarkstog | | N•m/sn.mín | 107/2.800 | | |
| Eldsneytisinnsprautun | | | Fjölinnsprautun | | |
| **RAFMÓTOR** | | | | | |
| Gerð | | | WA05B | | |
| Kerfi | | | rafmótor og rafall | | |
| Hámarks afköst | | kW/sn.mín | 1,94/800 | | |
| **GÍRSKIPTING** | | | | | |
| Gerð | | | 5 bs | CVT | 5 bs |
| Gírhlutföll | 1. | | 3.545 | 4.006 ~ 0.550 (LOW:4.006 ~ 1.001, HIGH:2.200 ~ 0.550) | 3.545 |
| | 2. | | 1.904 | | 1.904 |
| | 3. | | 1.240 | | 1.258 |
| | 4. | | 0.914 | | 0.911 |
| | 5. | | 0.717 | | 0.725 |
| | 6. | | - | | - |
| | Bakkgír | | 3.272 | 3.771 | 3.250 |
| Lokagírhlutfall | | | 4.294 | 3.757 | 4.388 |
| **UNDIRVAGN** | | | | | |
| Stýri | | | Tannstangarstýri | | |
| Hemlar | Framan | | Kældir diskar | | |
| | Aftan | | Skálar, (GA, GL), Diskar (GLX) | | |
| Fjöðrun | Framan | | MacPherson leggir með gormum | | |
| | Aftan | | Vindustöng með gormum | | |
| Hjólbarðar | | | 175/65R15, 185/55R16 | | |
| **VOG** | | | | | |
| Eigin þyngd (lágm./með fullum búnaði) | | kg | 865 ~ 911 | 925 ~ 946 | 975 ~ 991 |
| Heildarþyngd | | kg | 1.365 | 1.375 | 1.420 |
| **AFKÖST** | | | | | |
| Hámarkshraði | | km/klst | 180 | 175 | 170 |
| 0-100 km/klst | | sek | 13,1 | 12,2 | 13,8 |
| **UMHVERFISHÆFNI** | | | | | |
| Útblástursstaðall | | | Euro 6 | | |
| Eldsneytisnotkun (NEDC)*1 | Innanbæjar | lítrar/100km | 4,3 | 4,6 | 4,6 |
| | Þjóðvegaakstur | lítrar/100km | 3,7 | 3,9 | 4,0 |
| | Blandaður akstur | lítrar/100km | 3,9 | 4,1 | 4,2 |
| Eldsneytisnotkun (WLTC)*2 | Prófunarfasi | lítrar/100km | 5,3 | 6,2 | (Lágur) 5,8 (Hár) 5,9 |
| | MIÐ fasi | lítrar/100km | (Lágur) 4,3 (Hár) 4,4 | (Lágur) 4,8 (Hár) 4,9 | (Lágur) 4,9 (Hár) 5,0 |
| | HÁR fasi | lítrar/100km | 4,4 | 4,6 | (Lágur) 4,8 (Hár) 4,9 |
| | MJÖG HÁR fasi | lítrar/100km | 5,7 | (Lágur) 6,1 (Hár) 6,2 | (Lágur) 6,2 (Hár) 6,3 |
| | Blandaður | lítrar/100km | (Lágur) 4,9 (Hár) 5,0 | 5,4 | 5,5 |
| $CO^2$ losun (NEDC)*1 | | | 88 | 94 | 95 |
| $CO^2$ losun (WLTC)*2 | | | (Lágur) 111 (Hár) 112 | (Lágur) 121 (Hár) 122 | (Lágur) 123 (Hár) 125 |

Allar tölur eru frá framleiðanda og geta verið mismunandi milli markaða.
*1 New European prófunarferlið
*2 Worldwide harmonized Light-duty vehicles prófunarferlið

(Þyngd ökutækis við prófun)
Lágur: Þyngd ökutækis + valbúnaður frá verksmiðju
Hár: Þyngd ökutækis + valbúnaður frá verksmiðju + valbúnaður frá umboði (aukahlutir)



2WD: 1,530 (175/65R15), 1,520 (185/55R16)
4WD: 1,525 (175/65R15), 1,515 (185/55R16)



2WD: 1,530 (175/65R15)
2WD (skálar): 1,520 (185/65R16), 2WD (diskar): 1,525 (185/65R16)
4WD: 1,535 (175/65R15), 1,525 (185/65R16)







mm

Way of Life!

**www.suzuki.is**

**Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.**







Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilýsingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is


**SUZUKI BÍLAR HF**

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is



SWIFT BROCHURE (T)
99999-B1102-T01 2011

SWIFT SPEC AND EQUIPMENT SHEET (E)
99999-BB102-801